

Pétur Ingi Haraldsson,
Skipulagsfulltrúi
Dalbraut 12
840 Laugarvatn



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. febrúar 2014
Tilvísun: UST20140100058/ksj

Lýsing. Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. er barst 7. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Grímsnes og Grafningshrepps 2008 - 2020. Breytingartillagan felur í sér að 20 ha svæði sem skv. gildandi aðalskipulagi er skilgreint sem frístundabyggð breytist í verslunar- og þjónustusvæði.

Í tillögu að breyttu aðalskipulagi felst að 20 ha svæði í landi Seyðishóla sem skv. núgildandi aðalskipulagi er skilgreint sem svæði fyrir frístundabyggð verður skilgreint sem svæði fyrir verslun- og þjónustu.

Náttúruminjar

Eins og fram kemur í greinargerð með lýsingunni er svæðið sem tillaga að breyttu aðalskipulagi nær til, hluti af svæði á náttúruminjaskrá, Kerhóll við Seyðishóla og er svæði lýst á eftirfarandi hátt í skránni:

Kerhóll við Seyðishóla, Grímsneshreppi, Árnessýslu. (1) Kerhóll ásamt spildu umhverfis, sem afmarkast af vegum. Að suðvestan 400 m spilda út frá gígnunum. (2) Tilkomumikill gjallklepragígur, ein af tólf eldstöðvum er mynduðu Grímsneshraun.

Umhverfisstofnun bendir á að Kerhóll og umhverfi hans njóta einnig sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Samkvæmt framangreindri lagagrein skal forðast röskun eldvarpa, gervígíga og eldhrauna eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir á að áætluð breytingartillaga mun hafa meira álag á náttúruminjar s.s Kerhól sem er einstakur, og hraun er njóta sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum.

Aðalskipulagsbreyting


Að mati Umhverfisstofnunar mun sú starfsemi sem er áætluð eftir breytingu á aðalskipulagi skapa meira álag á umhverfið á ofangreindu svæði, en eldri áætlun. Í eldri áætlun er gert ráð fyrir frístundahúabyggð fyrir 28 hús, á svæðinu. Í tillögu að breyttu aðalskipulagi er gert ráð fyrir að á svæðinu verði 300 - 400 fermetra þjónustuhús og 50 orlofshús. Að mati Umhverfisstofnunar mun með breytingartillögunni verða meira álag hvað varðar sjónræn umhverfisáhrif, álag á fráveitu mun aukast vegna aukins fjölda fólks á svæðinu og álag á


landslag og umhverfi mun aukast þar sem þéttleiki húsa verður meiri og ágangur meiri. Að mati Umhverfisstofnunar mun breytingin hafa í för með sér enn meiri einsleitni þar sem smáhýsum við Biskupstungnabraut mun fjölga og verður umhverfið meir í ætt við þéttbýli eftir breytinguna en áður. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að breytingin gengur gegn stefnumörkun gildandi aðalskipulags sveitarfélagsins þar sem áætluð þjónustumiðstöð verður sú þriðja við Biskupstungnabraut á leiðinni frá Soginu að Laugarvatnsvegi. Í gildandi aðalskipulagi er stefnt að uppbyggingu fárra en öflugra ferðaþjónustustaða við þjóðveginn, en á Biskupstungnabraut eru nú þegar Þrastarlundur og Borg með u.þ.b. 13 km millibili, það er því ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag að bæta við þjónustustöð á þessu svæði.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar mun áætluð breytingartillaga hafa áhrif í þá átt að enn meiri einsleitni verði á svæðinu og að svæðið fái meira yfirbragð þéttbýlis en nú er. Einnig mun áætluð breyting á aðalskipulagi skapa meira álag á náttúruminjar í nágrenninu og umhverfið í heild. Einnig minnir stofnunin á að áætluð breytingartillaga er ekki í samræmi við gildandi aðalskipulag sveitarfélagsins.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

